



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Gullborg

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	6
3 Innra mat Grænu deildar	9
Innra mat Rauðu deildar.....	
Innra mat Bláu deildar.....	
Innra mat Gulu deildar.....	
4 Innra mat sérkennslu.....	15
5 Innra mat – fjöltyngd börn	16
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	18
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	18
8 Foreldrasamvinna.....	19
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	20
10 Fylgigögn.....	20
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	20



Leiðarljós leikskólans

Leiðarljós leikskólans: *Gleði, sköpun og vinátta*

Barn sem hefur sterka sjálfsmynd og trú á eigin getu verði virkur þátttakandi í að velja og hafa áhrif á nám og umhverfi sitt.

- Að barnið öðlist sjálfsöryggi (það sem barnið er) og sjálfstraust (það sem barnið lærir) og að þetta tvennt haldist í hendur.
- Að barnið öðlist virðingu og viðurkenningu og læri að treysta á eigin verðleika.
- Að barnið finni öryggi, kunni að sýna frumkvæði og að taka tillit til annarra.
- Að barnið öðlist færni í að þekkja sínar eigin tilfinningar, styrkleika og skoðanir, setja öðrum mörk, að koma þeim á framfæri og taka á móti skoðunum annarra.
- Að barnið öðlist færni, leikni og getu til að afla sér nýrrar þekkingar, tækifæra til breytinga og að hafa áhrif á námsumhverfi sitt.
- Að barnið finni að það sé virkur þátttakandi í að taka sjálfstæðar ákvarðanir sem auka hæfni í mótun sjálfsmyndar.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Starfsárið 2020-2021 hefur mikið litast af sóttvarnarreglum og reglugerðum vegna Covid-19. Það er aðdáunarvert hvað kennarar leikskólans hafa verið úrræðagóðir og hliðrað til í starfi til að koma á móts við sóttvarnarreglurnar. Ætíð var hagur og vellíðan barna og kennara haft að leiðarljósi.

Ég vil þakka öllum kennurunum í Gullborg fyrir frábært samstarf og samstöðu.

Á degi leikskólans 6.febrúar sl. var öllum kennurum í leikskólum landsins veitt viðurkenningin Orðsþorið 2021. Viðurkenningin var veitt leikskólakennurum, stjórnendum og starfsfólki leikskólanna sem sýnt hafði ótrúlega elju og fagmennsku á tímum COVID-19. Leikskólarnir hafa unnið afar vel úr erfiðum aðstæðum með velferð og nám barna í algjöru fyrirrúmi. Það var gaman að fá þessa viðurkenningu og gladdi marga hér í Gullborg.

2019-2020 komum við að hönnun og útfærslu á nýrri kennslustofu sem verður aðflutt og staðsett á bílastæðinu milli Grandaskóla og Gullborgar. Áætlað er að hún komi um miðjan júní. Kennslustofan er hugsuð sem deild fyrir elstu börnin og verður aðbúnaður og aðstaðan þar byggð þannig upp að stuðlað sé að því að sjálfsefning þeirra styrkist, að þau taki sem virkastan þátt í öllu daglegu starfi og styrkleiki þeirra fái að njóta sín.



Í lok árs 2019 var loksins komin endanleg útfærsla á bættri vinnuáðstöðu kennara. Sem vonandi verður byrjað á í ágúst/september þegar nýja kennslustofan verður tilbúin. Ég vil taka fram að ætíð var hlustað á okkar hugmyndir og komið á móts við okkur hvað varðar vinnuáðstöðu og eða leiksvæði barna.

Í janúar urðum við fyrir miklu vatnstjóni þar sem ein deild fór mikið undir vatn og önnur að hluta. Í fyrstu urðum við að skerða starf leikskólans með því að senda börn heim. En þar sem tjónið var töluvert og fyrirsjáanlegt var að viðgerðir myndu standa yfir í langan tíma var brugðið á það ráð að flytja hluta af starfsemi leikskólans í annað húsnæði. Húsnæðið sem varð fyrir valinu var í Safamýri en það hafði staðið tomt í nokkurn tíma og var áður Lyngás, dagvistun fyrir fjölfötluð börn. Það fer eiginlega um mig við að skrifa þetta og rifja upp þennan tíma. Í mörg ár var ég búin að benda viðhaldsaðilum hjá borginni á að það þyrfti að skoða þessar lagnir því það frysir alltaf í þeim þegar mikið frost var úti. Við höfðum á sínum tíma þurft að skerða þjónustu vegna þessa því ekki var hægt að verða við lágmarks hreinlætisþörf barna né kennara þegar fraus í lögnunum. En svo fór sem fór og get ég ekki lýst álaginu á kennurunum sem þurftu að flytja starfsemi leikskólans, búnað, leikföng, persónulega muni, matarföng og allan mat yfir í annað húsnæði. Ofan á það bættist svo vinnan við að halda starfinu gangandi við óvenjulegar aðstæður og vinna úr því á hverjum degi. Til að halda uppi þjónustu við foreldra og koma í veg fyrir frekari skerðingu á starfi, var þeim foreldrum sem á þurftu að halda boðið upp á rútuférf fyrir börnin til og frá Gullborg í Safamýrina. Það kom okkur verulega á óvart hve margir þurftu á þessari þjónustu að halda og var það aukið álag og vinna við að koma tæplega 50 börnum daglega í rútuna fram og til baka. Þetta fór misvel í sum börn og áttu þau stundum erfiða morgna. En viðhorf og dugnaður kennara við að láta þetta ganga var ómetanlegur og ákváðum við að líta á þetta sem skemmtilegt ævintýri svo að börnunum liði sem best við þessar breyttu aðstæður. Foreldrar voru vel upplýstir dag frá degi um hvernig gengi og verð ég að segja að þeir höfðu litlar sem engar athugasemdir við það hvernig að þessu var staðið, nema að skerða ætti starfsemina sem minnst og gekk það eftir. Okkur var sýnt mikið traust.

Um áramótin gekk í gegn Styttning vinnuvikunnar samkvæmt kjarasamningum án þess að aukið fjármagn væri sett í þetta verkefni. Ekki hefur sú umræða farið fram hjá neinum í samfélaginu.

Í Gullborg var stofnaður vinnuhópur þar sem einn meðlimur úr hverju stéttarfélagi sat ásamt leikskólastjóra. Vinnuhópurinn sá um að kynna þessar nýju reglu á starfsmannafundum. Kosning fór fram um hvernig kennarar vildu standa að þessu og var kosið um að styttningin væri 4 klst á viku og að kennarar fengju stutt matarhlé. Þetta hefur gengið vel hjá okkur en ég verð að taka fram að það tók á að koma þessu í gegn vegna þess að samningsaðilar og Reykjavíkurborg voru ekki með sömu túlkun á útfærslunni. Leikskólastjóri sá ekki annað úrræði en að auka stöðugildi í leikskólanum til að verða við styttningunni, þar sem fjórir til fimm kennarar unnu að jafnaði stytttri dag. Aukin stöðugildi kosta og er

rekstur leikskólans í mínus í ár og hefur það ekki gerst í rúm 30 ár frá því að leikskólastjóri tók við Gullborg.

Í nýju kjarasamningunum var undirbúningstími kennara aukinn sem var mjög þarft og jákvætt að aukið fjármagn kom með þessum breytingum.

Starfsmannahald hefur gengið mjög vel. Á síðasta ári voru fimm nýir kennarar ráðnir til starfa en tveir af þeim ljúka störfum í haust. Þessu til viðbótar þarf með tilkomu nýrrar deildar þarf að ráða þrjá til fimm kennara.

Frá því að ný menntastefna Reykjavíkurborgar leit dagsins ljós árið 2019 höfum við unnið markvisst að því að innleiða hana í starf leikskólans. Þeir þættir sem við höfum unnið sérstaklega að eru félagsfærni og sjálfsefning barna. Við höfum verið í samstarfi við Ægisborg og Grandaborg með að innleiða þessa þætti í formi fræðslu, funda og samtals kennara. Í ár ætlum við að gera enn betur og bæta inn sköpun. Við innleiðinguna ætlum við, í gegnum leikinn að efla barnið enn frekar sem virkari þátttakandi í leikskólastarfinu. Leikurinn er aðal námsleið barnsins og ætlum við að horfa enn frekar í þá þætti þar sem barnið er virkur þátttakandi í að móta sína námsleið í gegnum leikinn. Hlutverk kennara er að bera virðingu fyrir leik barna og vera til staðar fyrir börnin í leiknum sjálfum. Einnig að efniviður og umhverfi leikskólans stuðli að þessu sem ein heild. Okkur til stuðnings við að koma á móts við öll börn er einstaklingsáætlun fyrir hvert barn auk ferilmöppu þar sem námsleið og styrkleiki barnsins er skráð. Öll þau frábæru verkefni sem Gullborg er þekkt fyrir verða enn til staðar, þar verður engin breyting á. Við munum enn undirbúa börnin undir lífið og það sem við tekur þegar leikskólagöngu líkur. Við ætlum að breyta leiðunum og viðhorfi okkar. Börnin velja sína námsleið þar sem styrkleiki og áhugi barnsins er leiðarljósið.

Niðurstöður úr starfsmannakönnun Skóla og frístundarsviði Reykjavíkur voru góðar og stóðum við frekar í stað en að bæta við okkur. Hæsta skor er 5. Sá þáttur sem við bættum okkur í var hæfir og áhugasamir starfsmenn en við lækkuðum okkur í árangursríkir stjórnunarþættir úr 4,51 niður í 4,43, starfsánægja lækkaði úr 4,33 í 3,93 og hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi lækkaði úr 4,33 í 4,30. Það er ekki mikill munur á þessum tölum, en alltaf þarf að gera betur og mun umbótaætlun 2021-2022 taka mið af því.

Niðurstöður úr foreldrakönnuninni voru mjög góðar og sýndu okkur að við erum enn að gera leikskólastarfið betra. Hæsta skor er 5. Við lækkuðum okkur í öllum þáttum; barninu mínu líður vel í leikskólanum úr 4,62 í 4,71, ég tel barnið mitt vera öruggt úr 4,63 í 4,73, vingjarnlegt andrúmsloft úr 4,61 í 4,81 og að skólanum sé vel stjórnað úr 4,44 í 4,83. Þeir þættir sem við lækkuðum okkur í voru; aðkoma og þátttaka foreldra að starfi, upplýsingar til foreldra um framfarir barnsins, ráð til foreldra og að leitað sé til foreldra um tillögur og hugmyndir úr 3,98 í 3,78. Hér er ekki um mikinn mun að ræða en umbótaáætlun 2021-2022 mun taka mið af því.

Þegar horft er til baka og fram á veginn þá er mikil tilhlökkun í kennarahópnum varðandi það að vinna með þær áskoranir sem næsta ár mun gefa okkur. Betri vinnuáðstöðu, viðbótarhúsnæði og fjölgun barna, umbætur á leikskólastarfinu, gera umhverfi barnsins enn betra og auka enn frekar aðkomu foreldra að starfinu. Næsta starfsár verður eitt stórt ævintýri.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Viðhorf og hlutverk starfsfólks til leiksins sem námsleið barnsins	Umræður og hópavinna	kennarar	Styrkleikar; gæði í efnivið og leikefni. Veikleikar vankantar; að efniviður og leikefni ekki nægilega í hæð barna, sýnileg og aðgengileg fyrir börnin.
Leikurinn - áherslur	Umræður og hópavinna	kennarar	Styrkleikar; leikur barna hefur mikið rými en veikleikar; þátttaka kennarar má vera meiri og markvissari
Skráningar - ferilmöppur	Umræður og hópavinna	kennarar	Styrkleikar; ferilmöppur til staðar. Veikleikar; skráningar eru ekki markvissar og ekki í samráði við börnin.
Samskipti við foreldra	Umræður og hópavinna	kennarar	Styrkleikar; foreldrar eru vel upplýstir um starfið. Veikleikar; þarf að útskýra mun betur faglegu hliðina á starfi leikskólans. Hvað er barnið að læra í gegnum leikinn?



Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Foreldrakönnun	Rafræn foreldrakönnun á vegum Skóla og frístundasviðs	foreldrar	Styrkleikar; foreldrar eru mjög ánægðir með starf leikskólans. Veikleikar; foreldrar telja sig ekki koma nægjanlega að starfi leikskólans
Starfsmannakönnun	Rafræn starfsmannakönnun á vegum Skóla og frístundasviðs	kennarar	Styrkleikar; hæfir og áhugasamir kennarar, metnaðarfullt starf. Veikleikar; árangursríkir stjórnunarhættir, vellíðan starfsmanna í starfi

Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lok ið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun	Árangursríkir stjórnunarhættir.	Stjórnunar hættir leikskólans einkennist af lýðræði og aukinni vellíðan kennara, barna.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	Septem ber 2021	Á allt af við	Rafræn könnun kennara og foreldra, rýnihópar barna.	Stjórnunar hættir leikskólans einkennist af lýðræði og vellíðan allra.
Uppeldis- og menntastarf	Að leikurinn verði aðalnámsleið barnsins	Fræðsla, handleiðsla, hópavinna	Leikskólastjóri, deildarstjórar	Septem ber 2021	Á allt af við	Rýnihópur starfsmanna og foreldra (rafræn könnun) Rýnihópur barna, spurningakönnun	Að leikurinn verði aðalnámsleið barna, kennarar virkir og til staðar í leiknum með börnunum. Börnunum líði vel og njóti sín í leik og starfi
Mannauður og leikskólabragur	Að leikskólinn skipi áhugasömu kennurum. Virkir í starfi og tileinki sér starfsaðferðir leikskólans. Allir vinna að sama markmiði. Hafi góða yfirsýn yfir starfið. Leikskólabragur einkennist af þessum þáttum.	Fræðsla, hópavinna, að allir kennarar handleiði alla og allir taki handleiðslu nni á jákvæðan hátt.	Allir kennarar	Septem ber 2021	Á allt af við	Rýnihópur kennarar .	Að öllum starfsmönnum líði vel í Gullborg. Allir vinna að sama markmiði og hafi yfirsýn yfir vellíðan barna.



3 Innra mat deilda

Innra mat Grænu deildar

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Viðhorf og hlutverk starfsfólks til leiksins sem námsleið barnsins	Vera til staðar í leik barnanna	Ákveða fyrirfram hvaða kennari er á hvaða leiksvæði	Allir kennarar deildarinnar	sept		Samtal á deildarfundum	Betri yfirsýn yfir nám og þroska barna
Leikurinn-áherslur	Að leikurinn fái meira rými og tíma	Passa upp á næði barna í leik. Horfa í styrkleika hvers barns	Allir kennarar deildarinnar	sept		Samtal á deildarfundum og í daglegu starfi, rýnihópar barna	Fjölga tækifærum fyrir flæði hjá börnunum
Skráningar-ferilmöppur	Ein einstaklings- og ein fjöldaskráning á vetri	Ákveða fyrirfram skráningastundir og/eða grípa tækifæri. Taka ljósmyndir	Allir kennarar deildarinnar	sept	maí	Fara yfir skráningar sameiginlega á deildarfundum og fyrir foreldrasamtöl, aðkoma barna í samtalsformi	Samfella í skráningu á milli deilda og heildarsýn yfir þroska, nám og líðan. Börnin meðvituð um námsitt og hafi áhrif á það.
Samskipti við foreldra	Aukinn sýnileiki á starfi	Auka myndbirtingu á miðlum sem sýna starfið og með umfjöllun í fréttabréfum	Allir kennarar deildarinnar	sept		Ræða myndbirtingar og upplýsingar til foreldra á deildarfundum, rýnihópur foreldra	Aukinn innsýn foreldra í starfið og skilningur þeirra á starfinu
	Bjóða foreldrum frekari aðkomu að starfi deildarinnar	Bjóða upp á opna daga fyrir foreldra og fá foreldra að starfinu, sem hafa getu til og	Allir kennarar deildarinnar	sept	apríl	Ræða á foreldrafundum og deildarfundum	Aukinn skilningur foreldra á starfi deildarinnar og frekari samfella og samtal í námi barna



		óska eftir því					
Barnasáttmálinn	Innleiða barnasáttmálann	Kynna markmið barnasáttmálans fyrir börnunum	Allir kennarar deildarinnar/deildarstjóri	sept		Samtöl og rýnihópar barna. Samræður á deildarfundum	Að börnin öðlist skilning á réttindum sínum og kunni skil á grundvallar mannréttindum

Innra mat Rauðu deildar

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Viðhorf og hlutverk starfsfólks til leiksins sem námsleið barnsins	Að kennari sé ávallt viðstaddur leikinn, styðji við hann og beri virðingu fyrir leiknum.	Kennari nýti undirbúning til þess að undirbúa kveikjur að leik og fræðslutækifærum. Að kennari viti fyrir fram hvaða leiksvæði standi til boða hverju sinni.	Allir kennarar	Septem ber 2021	Á alltaf við	Skráningar, rýnihópar barna.	Afslappaðra lærdómsumhverfi. Ánægðari og sjálfsöruggari börn.
Leikurinn-áherslur	Börnin læri í gegnum leikinn.	Kennari viðstaddur leikinn. Nýta kveikjur frá börnum og kennurum til fræðslu.	Allir kennarar	Septem ber 2021	Á alltaf við	Deildarfundir, skráningar, rýnihópar barna.	Að börnin læri að afla sér upplýsinga um það sem fyrir augu ber. Þau séu áhugasöm en jafnframt gagnrýnin á upplýsingar.
Skráningar-ferilmöppur	Auka við skráninga r.	Byrja smátt, t.d. með upptökum. Hvert barn sé með 1 skráningu hverja önn.	Allir kennarar	Septem ber 2021	Á alltaf við	Samatekt á deildarfundum.	Heildarsýn yfir þroskaferil barnsins í leikskólanum birtist í ferilmöppu.

Samskipti við foreldra	Fjölbreytari samskipti	Kynna sér möguleika Völu, Sway og Instagram.	Deildarstjóri	Septem ber 2021	Á alltaf við.	Foreldrakannanir.	Foreldrar hafi betri innsýn í starf deildarinnar.
-------------------------------	------------------------	--	---------------	-----------------	---------------	-------------------	---

Innra mat Bláu deildar

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Viðhorf og hlutverk starfsfólks til leiksins sem námsleið barnsins	Vera til staðar og styðja við börnin í gegnum leikinn. Virðing fyrir leik barna	Aukin þátttaka kennara. Vekja áhuga barna á viðfangsefnum. Barnið fær tækifæri til að ráða sinni námsleið. Fræðsla um mikilvægi leiks og hlutverk kennara í leik barna.	Allir kennarar deildarinnar	Sept	Á alltaf við	Skráningar og ferilmöppur (styrkleikar barnsins sýnilegir). Deildarfundir umræður Rýnihópur barna.	Þróun í leik barna og almennum þroska Aukin þátttaka kennara í leik barna Barnið finni sína styrkleika Skráningar leiða til breytinga/umbóta í starfi
Leikurinn-áherslur	Almennur þroski, áhersla á félagsþroska, sköpun og sjálfsefningu Námsleið barnsins	Litlir hópar Aðgengi að fjölbreyttu leikefni Hlusta á og styðja við hugmyndir barna og koma þeim í framkvæmd.	Allir kennarar deildarinnar	Sept-Okt	Á alltaf við	Skráningar og ferilmöppur Umræður á deildarfundum Rýnihópur barna	Sköpun, læsi, félagsfærni og almennur þroski eflist. Að börnum líði vel og njóti sín sem skapandi einstaklingar í öruggu umhverfi Börn öðlist trú á eigin getu, þor og seiglu og þar af leiðandi sterkari sjálfsmynd. Að þau verða virkir þátttakendur í lýðræðislegu



							samfélagi leikskólans
Skráningar-ferilmöppur	Að ferilmöppu r séu lýsandi fyrir námsferli, áhugasvið og styrkleika barnsins	Hvert barn sé með 2 skráningar eftir leikskólaárið Börnin ákveði sjálf hvað kemur fram í ferilmöppum sínum	Allir kennarar	Sept-Okt	Á alltaf við	Yfirferð á deildarfundum Rýnihópur barna	Að börnin séu meðvituð um eigin sköpun og námsferli Að ferilmöppur nar séu uppspretta sköpunar, vellíðunar og styrki sjálfsmynd barna
Samskipti við foreldra	Auka tengsl milli heimilis og skóla Auka meðvitund foreldra um leikskólast arfið Útskýra námið sem fer fram í gegnum leik	Dagleg samskipti við móttöku og kveðjustund. Foreldrar koma að ferilmöppum barna sinna. Senda skráningar frá sumarfríi t.d? Þátttaka foreldra í leikskólastarf i t.d. foreldrakaffi Markvissri notkun smáforrita	Deildar stjóri og kennarar	September	Á alltaf við	Dagleg samskipti og foreldrasamtöl, Viðhorfskannanir	Foreldrar séu vel upplýstir um starfið í leikskólanum og taki virkan þátt í námi barna sinna



Innra mat Gulu deildar

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Viðhorf og hlutverk starfsfólks til leiksins sem námsleið barnsins	Vera til staðar og styðja við börnin í gegnum leikinn.	Meiri þátttaka kennara með því að vekja áhuga barnanna á viðfangsefninu. (Gefa kveikjur). Barnið fái tækifæri til að ráða sinni námsleið. Fræðsla um mikilvægi leiks og hlutverk kennara í leik barna.	Allir kennarar	Sep/okt	Á alltaf við	Deildarfundir – umræður, Styrkleiki barns sýnilegri í skráningu/feril möppu	Barnið finni sína styrkleika í gegnum leikinn. Aukin þátttaka starfsfólks Þróun í leik og almennum þroska barnsins. Skráningar leiða til breytinga/umbóta í starfi.
Leikurinn-áherslur	Almennur þroski með áherslu á félags- og sjálfseflingu	Litlir hópar, aðgengi að fjölbreyttu leikefni fyrir alla, að hlusta á og styðja við hugmyndir barnanna og koma þeim í framkvæmd.	Allir kennarar	Sep/okt	Á alltaf við	Deildarfundir- Skráning Foreldrasamtöl Endurmat með börnunum	Að börn njóti sín í leik. Sköpun(leikurinn), læsi(málþroski), félagsfærni(að leika við aðra) almennur þroski og vellíðan eykst. Að barnið hafi trú á eigin getu.
Skráningar-ferilmöppur	Að ferlimappan sé lýsandi fyrir námsferli,áhu gasvið og styrkleika barnsins.	Skipuleggja 2 skráningar yfir árið. Að barnið komi að sínum skráningum og ákveði sjálft hvað á að fara í möppuna.	Allir kennarar	Sep/okt	Á alltaf við	Deildarfundir Samtal og umræður við börnin	Að börnin séu meðvituð um eigin sköpun og námsferil. Að ferlimappan sé uppspretta sköpunar,



							vellíðunar og styrki sjálfsmýndin a
Samskipti við foreldra	Efla dagleg samskipti við foreldra Auka tengsl milli heimilis og skóla	Dagleg samskipti við móttöku og kveðjustundir Foreldrar koma að ferilmöppu barnanna með skráningum. Þátttaka foreldra í leikskólastarfi t.d. foreldrakaffi Auka meðvitund foreldra um leikskólastarfið og útskýringar á námi barnsins sem fer í gegnum leik. Markvissari notkun smáforrita.	Allir	Sep/okt	Á alltaf við	Viðhorfskannanir Umræður Foreldrasamtöl Dagleg samskipti	Að foreldrar séu vel upplýstir um starfið í leikskólanum. Að þau taka virkan þátt í námi barna sinna.



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021	Sérkennsla fór alla jafna fram í hinu daglega starfi inni á deild og var menntun án aðgreiningar höfð í huga. Þeir starfsmenn sem sáu um sérkennslu voru með mismunandi skráningarform eftir því hvað unnið var með hverju sinni. Unnið var í minni og stærri hópum. Skráning í ákveðnum málum fór fram í minni hópum þar sem áhersla var lögð á ákveðna þroskabætti. Í einhverjum tilfellum fengu börn einstaklingskennslu og voru þær stundir skráðar eftir hvert og eitt skipti í þeim tilfellum.
Matsgögn	TRAS er lagt fyrir börn á öllum deildum einu sinni að hausti og einu sinni að vori. EFI-2 var lagt fyrir öll börn á þriðja ári. Hljóm-2 var lagt fyrir öll börn í elsta árgangi að hausti. Þau börn sem komu út með slaka eða mjög slaka færni fengu íhlutun og var Hljóm-2 lagt aftur fyrir þau börn í febrúar 2021. AEPS var notað í ákveðnum tilfellum. Út frá niðurstöðum voru markmið sett í einstaklingsáætlanir og unnið út frá þeim. Íslenski málhljóðamælinn var notaður í ákveðnum tilfellum og voru þau mál sem þurftu send áfram í tilvísun til talmeinafræðings hjá Þjónustumiðstöð. Íslenski þroskalistinn og smábarnalistinn voru einnig notaðir í ákveðnum tilfellum.
Námsefni	Við notuðumst mikið við námsefni sem nú þegar er til í leikskólanum, hvort sem það er útprentað efni, spil, bækur, eða annað. Við keyptum kassa af málörvunarspjöldum sem er mikið búið að nota.

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tæki færi til umb óta	Aðgerðir til umbóta	Ábyr gð	H ef st	Lo ki ð	Hvernig metið/ aðferði r?	Við mið um ára ngu r
Gefðu 10 https://reykjavik.is/sites/default/files/yms_kjol/allir_med/gefdu_10_baeklingur_prent-2.pdf	Að allir skennarar leiks kólan s tilein ki sér Gefðu 10.	Að kennarar sé meðvitað um að vinna með Gefðu 10. Hver og einn skráir hjá sér þegar viðkoman di hefur framfylgt sínum 10 mínútum	Deild arstjó ri Sérk.s tjóri	Ág ús t 20 21	Jú ní 20 22	Metið í hverri viku með skráning ablöðu m sem er safnað saman. Sérkenn slustjóri heldur utan um skráning ablöð og veitir	Að allt star fsfól k sé að not ast við Gef ðu 10.

		fyrir hvert barn.				handleiðslu á deildarfundum aðra hverja viku.	
Allt starfsfólk þekki þá verkferla sem fara á eftir ef grunur vaknar um frávík hjá barni.	Að allir starfsmenn leiks kólan s þekki til þessa ara verkferla og fari eftir þeim	Hver deildarstjóri og sérkennslustjóri kynni verkferla fyrir starfsmönnum sínum. Verkferlarnir settir inn í starfsmannahandbók Gullborgar.	Deildarstjóri Sérk.s tjóri	Ágúst 2021	Júní 2022	Endurmetið með rýnihóp í júní 2022 og séð hvernig gengur.	Að allt starfsfólk þekki verkferla og viti hvar þá er að finnast.

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Úthlutun fjármagns	Fjármagn hefur verið notað í námsgöng og fræðslu.
Vinna með orðaforða	Unnið er með grunnorðaforða á hverjum degi á öllum deildum. Með t.d. lestri bóka, samskiptum við börnin, í fataklefa, við matarborð og í öllum athöfnum daglegs lífs. Við erum að vinna með Gefðu 10. Það þarf hins vegar að taka það fastari tökum svo vinna með það verði enn markvissari og unnið verði út frá styrkleikum og áhuga hvers barns fyrir sig.
Markviss vinna með orðaforða	Einhverjar deildar að prófa flæðilestur, lestrarstundir inni á deild í minni og stærri hópum. Auka þarf fræðslu um lestur almennt og dagleg samskipti.
Framfarir	Eftirfylgnin er meira í umræðu og á fundum. Það er vöntun á markvissari eftirfylgni og að unnið sé út frá niðurstöðum úr mati. Búið er að mynda teymi sem er að vinna markvissar eftirfylgni framfara.
Allir þættir máls	Hugað er að öllum þáttum máls í daglegu starfi en það er vöntun á að unnið sé markvissar að þessum þáttum út frá mati. Búið er að mynda teymi sem er að vinna að ákveðnum verkferlum.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Nýta fjármagn betur.	Fjölbreytt námsefni.	Kaupa fleiri bækur og fá aðkeypta fræðslu.	Fjölmennin gar-teymi	Ágúst 2021	Á alltaf við.	Umræður um það hvort og hvernig námsefnið er að nýtast starfsfólki.	Að starfsmenn séu að nýta sér námsefnið til að efla nám og þroska barna.
Að unnið sé markvisst með orðaforða barna eftir aldri og getu.	Að orðaforði og tjáning barna aukist miðað við aldur barna.	Gefðu 10. Lestur bóka (keðjulestur) Almenn samskipti. Íhlutun og samtöl í leik og starfi. Markvisst unnið með dýpkun orðaforða. Efla samvinnu við forráðamenn.	Allir	Ágúst 2021	Á alltaf við.	Í upphafi leikskólagöngu er upphafsviðtal við forráðamenn. Staða barnsins er rædd. Unnið út frá „Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla“ frá Menntamálastofnun. Niðurstöður metnar í samstarfi við foreldra.	Að barnið sé sýni framfarir.
Menningarauður	Menni og tungumál allra sé sýnilegt	Aðgerðir eru ábyrgð teymis í að koma af stað umræðu í starfsmannahópnum, hvað við teljum mikilvægt.	Fjölmennin gar-teymi	Ágúst 2021	Á alltaf við.	Rýnihópar barna, starfsfólks og foreldra.	Að barnið sé öruggt í leikskólaumhverfi og stolt af sinni menningu.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtölin fara fram í janúar og febrúar ár hvert. Samtölin eru um 1 klst. og lögð áhersla á notalegt samtal yfirmanns og kennara. Farið er yfir veikar og sterkar hliðar kennara í starfi og væntingar kennara til starfsþróunar. Kennarar eru hvattir til að leita eftir námskeiðum eða ráðstefnum sem þeim finnst áhugaverð og sækja þau. Leikskólastjóri ber einnig ábyrgð á að finna námskeið eða ráðstefnur sem tengjast starfi okkar í Gullborg og benda kennurum á þau/þær. Símenntunaráætlun Gullborgar 2021-2022 er að öllu tengd nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar. Leikskólinn stefnir að því að nýta hluta af skipulagsdögum sínum á komandi ári í samstarfsverkefni með Grandaborg og Ægisborg, sem tengist fræðslu um sjálfsefningu barna og kennara. Einn skipulagsdagur er með fræðslu um hinsegin- og jafnréttis mál, einn skipulagsdagur með fræðslu um leik barna og námsleið barna, einn skipulagsdagur er með fræðslu um fjölmennningarlegt starf í leikskóla. Fræðsla sem skóla- og frístundarsvið býður upp á sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Áætlun um samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundar fyrir skólaárið 2020 - 2021 hélst ekki vegna ástands í þjóðfélaginu. Skipulag á gagnkvæmum heimsóknum stóðst ekki, en með þessari áætlun vonumst við til að hægt verði að taka upp þráðinn og vera með svipaðar áherslur og lagt var upp með áður.

Megin þættir samstarfsins á sér stoðir í þróunarverkefninu *Læsi í leiðinni* þar sem áhersla var á sameiginlegt verkefni sem tengist vinnu með læsi beggja skólastiga. En verkefnið hafði einnig þann tilgang að auðvelda börnum að flytjast á milli skólastiga og gera þann flutning sem eðlilegastan. Markmiðið var meðal annars að börnin upplifðu eðlilega framvindu í námi sínu við að flytjast um skólastig og að þar sé fleira líkt en ólíkt.

Frá því að þróunarverkefninu lauk hefur *Ný menntastefna* litið dagsins ljós. Út frá þeirri stefnu hafa leikskólarnir þrír; Gullborg, Grandaborg og Ægisborg, lagt ríka áherslu á eflingu sjálfsmyndar barna og félagsfærni og þá þætti telja forsvarsmenn Grandaskóla að séu mikilvægir til að takast á við þau verkefni sem bíða barna í grunnskóla.

Ákveðinn farvegur hefur verið í gagnkvæmum heimsóknum en helst hefur skort á nákvæmu skipulagi dagsetninga áður en skólaárið hefst. Fulltrúar Grandaskóla, Gullborgar, Grandaborgar og Ægisborgar hittust að þessu sinni í maí 2021 og ræddu um mikilvægi samstarfsins auk þess að finna út nákvæmari dagsetningar fyrir gagnkvæmar heimsóknir næsta skólaár.

Fyrir næsta skólaár 2021-2022 verður samstarfið eftirfarandi;

- Í viku 37, í september koma 1. bekkingarnir í heimsókn í „gamla“ leikskólann sinn og eru þá fagnaðarfundir, en einnig gefst leikskólabörnunum færi á að spyrja um hvernig það sé að byrja í grunnskóla.
- Gullborgarbörnin fara í heimsókn á bókasafn Grandaskóla í viku 46 í nóvember.
- Grandaskóli býður á leiksýningu í viku 50 í desember.
- Í viku 6, í febrúar er haldið í skólastofur í Grandaskóla og frístundaheimilið Undraland heimsótt.
- Í viku 11, í mars er farið í tónmenntatíma og sungið og spilað.
- Í viku 20, í maí fara verðandi Grandaskólabörn í langa heimsókn í fylgd foreldra með nesti.

Eftir að þróunarverkefninu lauk kom reynsla á samvinnu milli leikskólanna með öðrum hætti en verið hefur undanfarin ár, meðal annars með því að elstu börn leikskólanna hittast í nánast umhverfi og eiga skemmtilegar samverstundir. Síðasta skólaár var sérstakt eins og áður hefur komið fram og verður reynt á næsta skólaári að efla samvinnuna. Hugmynd er einnig að elstu börnin hitti börn úr frístundinni og þá ekki síður yfir sumartímann.

8 Foreldrasamvinna

8.1 Foreldraráð

Í Gullborg er starfandi foreldraráð samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008. Kosið er í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélags Gullborgar á haustin og skulu að lágmarki sitja þrír foreldrar í ráðinu. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir um hlutverk og markmið leikskóla og nefnda sbr. 2. mgr. 4. gr., úr Aðalnámskrá leikskóla og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Foreldraráð hefur gert sér starfsreglur sem unnið er eftir.

8.2 Foreldrafélag

Í Gullborg er starfandi foreldrafélag. Allir foreldrar eru meðlimir í foreldrafélagi Gullborgar. Á kynningafundum fyrir foreldra á haustin eru kosnir tveir fulltrúar foreldra af hverri deild. Þeir kjósa sér formann, gjaldkera og ritara. Leikskólastjóri og einn starfsmaður sitja fundina eftir þörfum. Stjórn foreldrafélagsins fundar síðasta miðvikudag hvers mánaðar, eða með tölvupóstum og Facebook. Markmið félagsins er að vinna að sameiginlegum hagsmunum barna, foreldra og starfsmanna og efla tengsl foreldra við leikskólann. Einnig að styðja við ýmis málefni varðandi starfsemina og standa að uppákomum sem eru börnum, foreldrum og starfsmönnum til gagns og gamans.



8.2 Foreldrafundir

Kynningafundur fyrir foreldra á leikskólastarfinu veturinn 2021-2022 verða dagana 4.október til 8.október frá kl. 9.30-10.30. Við ætlum að endurskoða fyrirkomulag fundanna sem dæmi með því að setja upp stöðvar með leikefni, viðfangsefnum og öðru sem hver deild leggur áherslu á, út frá Menntastefnu Reykjavíkur. Foreldrar geta þá betur sett sig í spor barna sinna og kynnt sér efnivið og viðfangsefni þeirra í gegnum leikinn. Leikskólastjóri, deildarstjóri og aðrir starfsmenn svara fyrirspurnum foreldra í formi skemmtilegra umræðna.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

23.ágúst; fræðsla um leikinn og einnig verður dagurinn notaður til að vinna að umbótum og starfsáætlun Gullborgar 202-2022. Kristín Hildur Ólafsdóttir Leikskólaráðgjafi/verkefnistjóri-skólanámskrá, mun aðstoða starfsmannahópinn og stjórna umræðum.

23.september; Svandís Anna Sigurðardóttir sérfræðingur mun sjá um fræðslu um hinsegin- og jafnréttismál. Leikskólinn mun í kjölfarið fá Regnbogavottun Reykjavíkur. Hluti dagsins verður notaður til að undirbúa foreldrasamtöl.

10.nóvember; samstarfsdagur Gullborgar, Grandaborgar og Ægisborgar með áherslu á félagsfærni, sköpun og sjálfsefningu, út frá Menntastefnu Reykjavíkur. Einnig verður fræðsla um fjölmenningu í leikskólastarfi.

3.janúar; fræðsla um leikinn og unnið út frá umbótaáætlun og starfsáætlun 2021-2022.

19.apríl; fræðsla um skráningar og ferilmöppur barna

12.maí; unnið að endurmati og drög að starfsáætlun 2021-2022 unnin.

10 Fylgigögn

10.1 [Leikskóladagatal 2021-2022.xls](#)

10.2 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Gullborg

Rannveig Júníana Bjarnadóttir 30.6.2021

Leikskólastjóri

Dagsetning



Starfsáætlun 2021 – 2022
Gullborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:
Heiður Margrét Björnsdóttir
Þórhildur Halldórsdóttir
Hildur Droplaug Pálsdóttir
Stefán Karl Kristjánsson



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



Umsögn foreldraráðs Gullborgar um starfsáætlun Gullborgar fyrir skólaárið 2021-2022

Síðastliðið ár hefur einkennst af miklum áskorunum fyrir leikskólakennara og starfsmenn Gullborgar. Ofan á þær áskoranir sem fylgdu heimsfaraldri og styttingu vinnuvikunnar hefur Gullborg þurft að berjast fyrir bættri starfsaðstöðu og tekist á við verulega röskun á hefðbundnu starfi vegna vatnstjóns í húsnæði leikskólans. Verulegt áhyggjuefni er að fulltrúar skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar hafi ekki hlustað á ítrekaðar ábendingar leikskólastjóra vegna þessa viðvarand vandamáls. Með því hefði verið hægt að koma í veg fyrir röskun á skólastarfi, kostnaðar vegna skemmda og mögulegri hættu fyrir börn og starfsfólk hefði atvikið átt sér stað á opnunartíma leikskólans. Þökk sé frábæru starfi og starfsfólki undir stjórn Rannveigar Bjarnadóttur hefur hverri áskorun verið mætt af jákvæðni og lausnamiðuðu hugarfari þar sem líðan og þarfir barnanna hafa ávallt verið í fyrirrúmi og starfsemi leikskólans skerst sem minnst. Á starfsfólk Gullborga mikið hrós skilið fyrir þeirra framlag.

Gullborg er almennt að koma vel út úr starfsmanna- og foreldrakönnunum. Foreldrar eru jafnan mjög ánægðir með starf skólans og starfsmönnum finnst þeir sinna áhugaverðu og metnaðarfullu starfi. Þörf er á að skoða nánar og koma með úrbætur hvað varðar lækkun mælinga á starfsánægju hjá starfsfólki og minni aðkomu foreldra að starfi leikskólans. Foreldrar hafa vegna sóttvarnarráðstafana haft minni aðgengi að leikskólanum og starfsmönnum hans. Það er áskorun fyrir starfsemi sem einkennist af miklum og persónulegum samskiptum að finna nýjar samskiptaleiðir og miðla upplýsingum til foreldra í núverandi ástandi.

Í umsögn foreldraráðs undanfarin ár hefur verið fjallað um skort á plássi og þörf á bættri starfsmannaaðstöðu. Það er því mikið gleðiefni að ný kennslustofa er komin á lóð Gullborgar og framkvæmdir virðast ganga vel. Í framhaldi verður hægt að bæta starfsmannaaðstöðu sem verður vonandi til þess að bæta starfsánægju og draga úr álagi.

Umbótaáætlun leikskólans tekur til þátta líkt og viðhorfs og hlutverks starfsfólks til leiksins sem námsleið, samskipti við foreldra, innleiðingu Barnasáttmála SP o.fl. Allt eru þetta mikilvægir þættir sem gott er að sjá að teknir verða föstum tókum og mikilvægt er að fylgja eftir. Gagnlegt er fyrir foreldra að átta sig betur á hvað felst í aukinni áherslu á leik. Mikilvægt er að börn kynnist sem flestum viðfangsefnum áður en gengið er út frá áhuga þeirra á afmörkuðum efnum og að stutt sé við veikleika þeirra í stað þess að sinna eingöngu því sem hentar styrkleikum þeirra, þó það sé einnig mikilvægt. Börn munu þurfa að standa skil á fjölbreyttum viðfangsefnum í grunnskóla og er gagnlegt að undirbúa þau fyrir það. Þá fagnar foreldraráðið áherslu leikskólans á félagsfærni, sjálfsefningu og sköpun í samræmi við menntastefnu Reykjavíkurborgar. Þá er aukinn undirbúningstími kennara sem kom til í síðustu kjarasamningum og var fullfjármagnað gleðiefni.

Ánægjulegt er að sjá áframhaldandi markvisst starf til að efla mál- og félagsþroska og vellíðan barna með t.d. 'Gefðu 10' framtakinu og aukinn stuðning við fjöltyngd börn. Einnig er ánægjulegt að sjá að samstarf milli hverfisleikskólanna verður eftt að nýju þegar kemur að fræðslu starfsmanna (t.d. um hinsegin- og jafnréttismál og fjölmennningarlegt starf), gagnkvæmum heimsóknunum, og almennum undirbúning barnanna fyrir Grandaskóla. Vonandi verður hægt að fylgja þessu starfi eftir á komandi skólaári.

Gullborg hefur ávallt staðið fyrir öflugum og metnaðarfullu leikskólastarfi. Með styttingu vinnuvikunnar stendur leikskólinn frammi fyrir áskorunum að standa vörð um öflugt starf, án þess að viðbótar fjárveitingar séu veittar fyrir auknum stöðugildum. Vonast foreldraráðið eftir góðri upplýsingagjöf og samtali um þær breytingar sem til skoðunar eru vegna styttingar vinnuvikunnar. Með því getur ráðið í samvinnu við stjórnendur fundið leiðir til að styðja leikskólann og starfsmenn í að sinna því metnaðarfullu starfi sem þeir brenna fyrir og skilar sér í vellíðan barna sem og auknum mál-, tilfinninga-, félags- og hreyfiþroska þeirra.

f.h. foreldraráðs Gullborgar

Heiður Margrét Björnsdóttir
Þórhildur Halldórsdóttir
Hildur Droplaug Pálsdóttir
Stefán Karl Kristjánsson